

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1970

Nr. 84.

444

19. ágúst 1970.

L Ö G

um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 24. gr. laga nr. 22 12. maí 1969, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, hef látið fella meginmál þeirra inn í meginmál laga nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gef þau hér með út svo breytt, sbr. einnig lög nr. 51 19. maí 1969, um breyting á lögum nr. 60 1957:

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

II. KAFLI

Stjórn háskólans.

2. gr.

Stjórn Háskólans er falin háskólaráði, rektor og háskólaritara.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum Háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnssýslu Háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan Háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi Háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.

Háskólaritari hefur eftirlit með daglegri starfsemi Háskólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða Háskólann.

Rektor eða háskólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum, er snerla Háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi stúdenta, svo og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Rektorskosning fer fram í maímánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallið verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

4. gr.

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af stúdentaráði, og einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar, svo og ef einn þriðji hluti prófessora háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri, á fundinn. Hafi slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentar og lektora fundar, og er rektor þá skyldur að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

7. gr.

Forseti Íslands skipar háskólaritara, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs, en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og háskólaritara. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

III. KAFLI**Háskóla-kennarar og háskóladeildir.****9. gr.**

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild og viðskiptadeild. Þegar þeir prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.

Við Háskólann starfa rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

10. gr.

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Aðjúntar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun eða mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann, halda starfsheitum sínum.

11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnta og erlenda

sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem fyrst verða kosnir eftir gildistöku laga þessara, aðeins verða eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforseta starfa og til starfa vara-deildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforseta starfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundi.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundum, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skórir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildar-ráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðis-rétt á hann þó aðeins í sinni deild.

15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deild-armanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðis-bærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

16. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum og prófkröfum.

IV. KAFLI

Kennsla og nemendur.

17. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera skiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tilteknar greinar eða deildir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð. Heimilt er samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að halda próf utan kennsluársins, þegar sérstaklega stendur á.

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unnið kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráð-stafa skuli kennslunni.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kenn-ari sá, sem vikur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Staðgengill tekur sæti þess, sem vikur, á deildarfundum og hefur þar atkvæðisrétt, enda sé hann settur til að gegna embætti eða starfi fastráðins kennara.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

Skrásetningargjöld skulu ákveðin í reglugerð.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Ennfremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt 2. málsgrein.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu.

Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning um úrskurðinn. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

25. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

26. gr.

Afskipti Háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við Háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki stundað nám við Háskólann í tvö kennslumisseri samfleytt, eftir því sem þær kröfur um námsástundun eru greindar í reglugerð fyrir skólann í heild eða einstakar námsgreinir. Nú hefur stúdent gert háskóladeild sinni viðhlítandi grein fyrir fjarvistum, og skal þá ekki má nafn hans af stúdentaskrá, þótt hann saki ekki Háskólann allt að fjögur misseri, enda skrái hann sig í árlegri skráningu.

V. KAFLI

Próf.

27. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstimalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stenz stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

28. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

29. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistaraþróf dæma þó kennarar hlutaðeigandi deildar einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein á undan segir, getur viðkomandi deild mælt svo fyrir, að prófdómandi utan Háskólans dæmi próf í stað innan skóla prófdómanda, og við próf í forspjallsvísindum skal vera einn prófdómandi utan Háskólans.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

30. gr.

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. KAFLI**Doktorar og meistarar.****31. gr.**

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

32. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kándídatprófi eða embættisprófi.

33. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar. Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

34. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

35. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kándídatprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. KAFLI**Stofnanir háskólans og eigur hans.****36. gr.**

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavardar að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og prófessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann fer eftir því, sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

VIII. KAFLI

Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

37. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) í guðfræði 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6 gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Í reglugerð skal kveða á um, hverjar aðalkennslugreinar teljast til hvers prófessorsembættis um sig.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einaris Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

38. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir í og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

39. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósenta, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

IX. KAFLI

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

40. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

X. KAFLI

41. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

21. ágúst 1970.

Nr. 85.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að nefnd, sem unnið hafi að samningu reglugerðar um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, hafi lagt til, að þjóðfélagsfræðanámið verði sjálfstæð námsbraut við Háskólann, reist á samstarfi milli háskóladeilda, bæði að því er varðar kennslu og og yfirstjórn.

Slíkri tilhögun verði hins vegar ekki við komið að óbreyttum lögum, og beri því brýna nauðsyn til að gera breytingu á lögum um Háskóla Íslands, er kveði á um þessa námsskipan. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.